

Tillaga til þingsályktunar

um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

Flm.: Steinunn Þóra Árnadóttir, Jódís Skúladóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir,
Orri Páll Jóhannsson, Bjarni Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að undirrita og fullgilda samning um bann við kjarnorkuvopnum sem samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York 7. júlí 2017 og tók gildi hinn 22. janúar 2021.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er nú flutt í áttunda sinn en hún var lögð fram á 147.–153. löggjafarþingi og gekk til utanríkismálanefndar. Alls bárust sjö umsagnir um málið á síðasta löggjafarþingi, frá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), samtökunum International Campaign to Abolish Nuclear Weapons (ICAN), Íslandsdeild Amnesty International, Landvernd, Rauða krossinum á Íslandi, Samtökum hernaðarandstæðinga og utanríkisráðuneyti. Flestar umsagnir voru jákvæðar og framlagningu tillögunnar fagnað. Þau sjónarmið komu fram í umsögn Landverndar að tilraunasprengingar og geislavirkur úrgangur frá framleiðslu kjarnavopna hefði mjög slæm og neikvæð áhrif á lífríkið með því að menga andrúmsloft, jarðveg og vötn með geislavirkum efnum. Er þetta í fyrsta sinn sem umsögn berst frá þeim og taka flutningsmenn heils hugar undir mikilvægi þeirra sjónarmiða sem Landvernd setur fram.

Hinn 7. júlí 2017 samþykktu 122 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samning um bann við kjarnorkuvopnum.¹ Samningurinn tók gildi snemma árs 2021 eftir að fimmtíu ríki höfðu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild. Í september árið 2022 höfðu 86 ríki heims undirritað samninginn og 66 gengið alla leið og lögfest hann. Þessar skjótu undirtektir alþjóðasamfélagsins ýta undir þær vonir að samningur þessi komist með tímanum í hóp mikilsverðustu afvopnunarsamninga þjóða heims, á borð við samninga sem kveða á um bann við efnavopnum, sýklavopnum og jarðsprengjum.

Það er til marks um mikilvægi þessa samkomulags að samtökin ICAN, sem unnu ötullega að gerð þess, hlutu friðarverðlaun Nóbels árið 2017. Líkt og segir í rökstuðningi norsku nóbelsnefndarinnar áttu samtökin stærstan þátt í að leiða saman þjóðir heims og undirbúa gerð þessa mikilvæga sáttmála. Á fimmta hundrað friðarhópar og félagasamtök um víða veröld standa saman að ICAN-samtökunum.

Aðdragandi samningsins var langur. Samningurinn um að dreifa ekki kjarnavopnum frá árinu 1968 (e. *Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons*, NPT), sem 191 ríki er aðili að,² hefur löngum verið talinn mikilvægasti afvopnunarsamningur á sviði kjarnorkuvíg-

¹ undocs.org/a/conf.229/2017/8

² disarmament.un.org/treaties/tpnw

búnaðar. Sá samningur felur í sér bann við frekari útbreiðslu þessara háskalegu vopna en jafnframt leggur hann skyldur á herðar þeim ríkjum sem þegar búa yfir slíkum vopnum um að vinna að útrýmingu þeirra. Lítið hefur borið á efndum á þeim hluta samningsins. Í umsögn ICAN um málið á 153. löggjafarþingi segir að 11. nóvember 2022 hafi 91 ríki þegar skrifað undir samninginn. Þar af hafi 68 þeirra fullgilt hann. Af því leiðir að rúmlega helmingur ríkja heims hefur skrifað undir samninginn eða er aðili að honum.

Kjarnorkusprengrum hefur að sönnu fækkað en þær hafa þess í stað stækkað og orðið fullkomnari þannig að eyðileggingarmáttur þeirra hefur stóraukist. Jafnframt verja flest kjarnorkuveldi svimandi háum upphæðum til þróunar nýrra og fullkomnari kjarnorkuvopna og hugmyndin um takmarkaða notkun slíkra vopna í almennum hernaði er rædd af sífellt meiri alvöru. Þar má til að mynda horfa til kjarnorkuvopnastefnu þeirrar sem Trump-stjórnin í Washington markaði og gerði ráð fyrir möguleikum á mun víðtækari beitingu kjarnorkuvopna en áður hafði verið rætt. Hið sama má segja um Pútín Rússlandsforseta sem einnig hefur talað um möguleikann á beitingu kjarnorkuvopna í innrásarstríði sínu í Úkraínu. Jákvæð teikn mátti sjá við valdaskipti vestanhafs þar sem Biden forseti hefur ýjað að þeim möguleika að Bandaríkjastjórn kunni að hverfa frá því að áskilja sér rétt til beitingar kjarnorkuvopna að fyrra bragði, en ekkert er fast í hendi varðandi slíka stefnubreytingu, stríðsrekstur Rússa í Úkraínu og önnur átök í heiminum vinna frekar í ranga átt og enn er unnið af kappi að þróun nýrra kjarnorkuvopna. Andstæðingar kjarnorkuvopna hafa lengi varað við þessari þróun og benda á að eftir því sem meiri orku og fjármunum er varið í þróun og framleiðslu vopnanna skapist meiri þekking sem aftur stuðli að aukinni útbreiðslu. Mannkynið hefur aldrei smíðað vopn sem það beitir ekki að lokum eins og reynslan hefur sýnt.

Í ljósi þessa komst hópur ríkja að þeirri niðurstöðu að alþjóðasamfélagið yrði að ganga lengra og leiða í lög algjört bann við kjarnorkuvopnum þar sem fullreynt væri að kjarnorkuveldi myndu sjálf stuðla að útrýmingu þeirra innan gildandi sáttmála. Slíkur samningur væri, líkt og t.d. var raunin með samninginn um bann við jarðsprengjum, að frumkvæði þeirra ríkja sem ekki ráða yfir slíkum vopnum nú en yrði með tímanum almennur.

Ríki um víða veröld hafa lagt hönd á plóg í baráttu fyrir samþykkt og gildistöku sáttmálans en Evrópulönd sem hafa undirritað hann eru Austurríki, Írland, Kasakstan, Liechtenstein, San Marínó og Vatíkanið. Illu heilli ákváðu nær öll aðildarríki NATO að sniðgangna viðræður um gerð sáttmálans, enda byggist hernaðarstefna bandalagsins enn á því að áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Þessa afstöðu hafa ráðamenn í NATO-ríkjum m.a. varið með því að þeir telji farsælla að vinna að kjarnorkuvopnum innan NPT-samningsins. Í ljósi þess að viðræður um endurnýjun þess samnings sigldu í strand árið 2022 er vandséð að þau rök haldi lengur.